



## AFNOTASAMNINGUR UM BIFREIÐ STARFSMANNNS

Nafn fyrirtækis, kt. xxxxxx-xxxx til heimilis að X, í samningi þessum nefnt félagið, og Nafn starfsmanns, kt. xxxxxx-xxxx til heimils að X í samningi þessum nefndur starfsmaður, gera með sér svohljóðandi samning um afnot af bifreið starfsmanns og er samningurinn fylgiskjal með ráðningarsamningi, dags. d.m.á.

Starfsmaður mun nota bifreið sína í þágu félagsins til að sinna þeim erindum sem starf hans krefst hverju sinni. Dæmi um slík aksturserindi eru t.d. fundir, ráðstefnur og önnur starfstengd erindi.

Félagið greiðir starfsmanni ökutækjastyrk sem samsvarar tilteknum kílómetragjölda aksturs á mánuði til að mæta kostnaði vegna afnota bifreiðar starfsmanns í þágu félagsins.

Starfssvæði starfsmanns telst vera:

- Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Mosfellsbær
- X km. raddus frá Y.

Við útreikning er miðað við kílómetragjald skv. Ferðakostnaðarnefnd ríkisins, greitt er fyrir X km/mán.

Samningurinn byggir á áætlun félagsins á akstursþörf starfsmanns á hinu skilgreinda starfssvæði. Akstur starfsmanns á milli heimilis hans og vinnustaðar telst ekki vera í þágu félagsins.

Komi til aksturs starfsmanns utan fyrrgreinds starfssvæðis í þágu félagsins skal sá akstur greiddur samkvæmt sérstakri akstursskýrslu og almennu kílómetragjaldi sem Ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákveður.

- Akstur til og frá Keflavíkurlugvelli vegna vinnuferða erlendis greiðast sérstaklega.
- Akstur til og frá Keflavíkurlugvelli vegna vinnuferða erlendis er ekki greiddur sérstaklega.

### Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk

Starfsmaður skuldbindur sig til að færa akstursskýrslu þar sem skráð er:

- Hver ferð
- Dagsetning
- Ekin vegalengd
- Aksturserindi
- Kílómetragjald
- Nafn og kennitala starfsmanns
- Einkennisnúmer viðkomandi ökutækis

Gögnin þarf að færa reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess. Einnig þarf heildarakstur bifreiðarinnar á hverju ári að liggja fyrir. Er þetta forsenda fyrir því að frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk sé heimill.

Afnotasamningur þessi telst vera hluti af ráðningasamningi milli aðila, dags. d.m.á.



Verkfræðingafélag Íslands



**Staður, dagsetning**

Nafn staðs, d.m.á.

**Starfsmaður**

Nafn starfsmanns

**F.h. félagsins**

Nafn félags